

1863.

kost á að skjóta máli sínu ekki að eins til sýslumanns heldur og til amtmanns; einsog að ofan er á vikið, var og bent á þetta fyrirkomulag málsins í ástæðunum fyrir frumvarpi stjórnarinnar, því er lagt var fyrir alþingi, jafnvel þó dómsmála-stjórnin, þegar frumvarpið var samið, kysi heldur það fyrirkomulag, sem þar er haft. Með þeirri breyting, sem nú hefir verið frá skýrt, hefir greinin því verið samin samkvæmt uppástungu alþingis.

Um 13. og 14. grein.

Greinir þessar eru öldungis samhljóða samsvarandi greinum í frumvarpi stjórnarinnar, því er lagt var fyrir alþingi, og hafði þingið fallizt á þær óbreyttar.

Um 15. og 16. grein.

Alþingi féllst og á þessar greinir óbreyttar. Um ákvörðunina í 15. grein skal þess getið, að það hefir lengi verið í áformi, að útvega hreppstjórum á Íslandi nokkurt endurgjald fyrir hin mörgu og erfiðu störf þeirra, og með því nú að miklu leyti verður að fela þeim umsjónina með, að breytt verði eptir lagaboði þessu, hefir þótt ástæða til að veita þeim hlutdeild í því gjaldi og þeim sektum, sem ber að greiða eptir tilskipun þessari, á þann hátt að þeir fái helminginn, en hinn helmingurinn renni í hlutaðeigandi sveitarsjóð.

Að lokum skal þess getið, að þareð öll tilskipunin kemur út sem eitt lagaboð, þótti réttara að láta tölurnar halda áfram við allar greinir hennar, heldur en að byrja nýja töluröð með hverjum kafla, eins og gjört var í frumvarpi stjórnarinnar, því er lagt var fyrir alþingi.

28. maím. **36. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um kennslu í læknisfræði hjá landlækni á Íslandi¹.**

Í bræfi til hins konunglega heilbrigðisráðs, sem það hefir

¹) Sama dag voru hinum amtmönnum á Íslandi rituð áþekk bréf.

1863.

28. maim.

sent dómsmálastjórninni og sem yður hérmeð er sendur út-dráttur úr, hefir Hjaltalín jústizráð, landlæknir á Íslandi, útlistað reglur þær, sem hann ætlar að fylgja við kennslu þeirra stúdentna frá hinum lærða skóla í Reykjavík, sem eptir konungsúrskurði 29. d. ágústm. f. á.¹ verður kennd læknisfræði til að geta

¹) Konungsúrskurður þessi er prentaður hér að framan á 604. bls. (Bréf dómsmálastj. 12. sept. 1862) en ástæðurnar fyrir honum eru útlistaðar í skýrslu dómsmálastjórnarinnar til konungs 25. d. ágústm. 1862, og skulu hér tilfærð helztu atriðin úr þeirri skýrslu:

Í bænarskrá alþingis, dagsettri 13. ágústm. 1861, bað þingið um: **A.** Að til bráðabirgða verði árlega greiddir úr hinum almenna lækna-sjóði, eður hinum svo kallaða spítalásjóði Íslands, til læknakennslu hjá landlækninum í Reykjavík, 600 rdl., og þangaðtil læknaskóli og spítali komast á á Íslandi. **B.** Að þeir stúdentar frá hinum lærða skóla og privatdimitteradir, ef það kemst á, sem landlæknirinn þannig tekur til kennslu, séu fræddir í þeim greinum læknisfræðinnar, sem til eru teknar í instrúxi landlæknisins á Íslandi frá 19. maí 1760, 4 gr.: lík-skurðarfræði (Anatomie), lífsedlisfræði, sjúkdómafræði (Pathologie), hand-læknisfræði og yfirsetukvennafræði, og einnig í hinum nýrri vísindum læknisfræðinnar, svosem *Chemie* (uorganisk og organisk), chemiskri sjúkdómafræði, almennri heilbrigðisfræði (hygiène publique), meðala-verkunarfræði (Pharmakologie og Pharmakodynamik), medicina forensis og því er þurfa þætti, til þess þeir gætu vel gegnt stöðu sinni. **C.** Að lærisveinar þessir, eptir afstaðna kennslu hjá landlækninum, standi opinbert burtfararpróf eptir fulltryggjandi reglum, samkvæmt því, er land-læknirinn getur komið sér saman um við hið konunglega heilbrigðisráð í Kaupmannahöfn um þetta mál. **D.** Að þessir menn, ef þeir álitast hæfir, fái fullkomið læknisleyfi á Íslandi og getið orðið þar héraðs-læknar. **E.** Að stjórnin leggi fyrir næsta alþingi frumvarp um betri tilhögum á spítalatekjnum, samkvæmt því, sem alþingi hefir áður upp-á stungið.

Alþingi hefir áður hvað eptir annað farið þess á leit, að bætt yrði læknaskipunin á Íslandi, einkum á þann hátt, að varið yrði fé spítala-sjóðanna til að stofna læknaskóla og spítala í Reykjavík; en þessar bænarskrár þingsins hafa eigi orðið til greina teknar af þeim ástæðum, sem útlistaðar hafa verið í skýrslum dómsmálastjórnarinnar, þá er málið hefir verið horið upp fyrir konungi; og var tekið fram í konunglegri auglýsing til alþingis 1. júním. 1861 um árangur af þeg-nlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1859, að stjórnin hafi ekki fundið ástæðu til að breyta áformi því, sem hafi verið fyrirhugað um, hvornig skipa skuli læknamálinu, en aðalatriðin í áformi

1863.
28. maím.

orðið læknar á Íslandi; hefir hann og stungið svo uppá, að prófi því, sem þeir, að lokinni kennslunni, eiga undir að ganga, verði þannig hagað, að það verði haldið í heyranda hljóði á

þessu hafi konungsfulltrúi verið látinn birta þinginu; en vegna þess að nú sem stendur sé skortur á læknum á Íslandi, þá hafi jafnframt þessu verið álitid vel tilfallid, að þangaðtil nógu mörg útlærð læknaefni fást, verði aðstoðarlæknum veitt tilsögn í læknisfræðinni, einkum hjá landlækni, samkvæmt allrahæstum úrskurdi 12. ágústm. 1848, og hafi dómsmálastjórnin þegar gjört þar að lútandi ráðstafanir. Því var enn fremur við hætt í auglýsingunni, að ef það yrði álitid nauðsynlegt að gjöra frekara til þess að ná tilgangi þessum, þá mundi ekkert verða því til fyrirstöðu, að til bráðabirgða yrði skotið fé til þessa úr hinum íslenska spítalaskóli, en réttast hafi þótt að biða þess, hvort alþingi þætti ástæða til að bera fram uppástungu í þessu efni.

Bænarskrá sú, sem kom frá alþingi 1861, fer miklu lengra. Þingið lætur sér hér ekki nægja að stinga upp á, að fyrst um sinn verði varið 600 rdl. á ári til að kenna hjá landlækni aðstoðarlæknum þeim, sem um er rætt í konungsúrskurdi 12. ágústm. 1848, en þeir læknar hafa engan eiginlegan lækningarétt (jus practicandi), heldur verða þeir aðeins notadir til að láta sjúklingum hjálp í tö fyrst í stað, þangað til næst til héraðslæknisins, og síðan til að gjöra það, sem hann fyrir skipar, heldur fer nú þingið fram á, að þangað til lækna-skóli og spítali komist á í Reykjavík verði til bráðabirgða árlega varið upphæð þessari til kennslu hjá landlækni handa læknaefnum, sem ættu að verða aðnjótandi miklu yfirgripsmeiri kennslu, og gjörir þingið ráð fyrir, að henni mundi eigi verða lokið á skemmri tíma en 3 eður 4 árum, en aptur á hinn bóginn ætlast það og til, að læknaefni þessi öðlist fullan lækningarétt, og geti fengið héraðslæknaembætti. Af ádurgreindu fé er svo til ætlast, að 300 rdl. á ári sé varið í ölmusur handa 3 læknaefnum, en hinn helminginn fái landlæknirinn í kennslukaup. Til styrkingar þessum uppástungum tekur þingið fram, að reynslan þegar hafi nægilega sannað, að ekki verði við því búizi, að danskir læknar sækji um læknaembættin á Íslandi, og eins sé eigi heldur von um, að stjórninni heppnist að koma fram því áformi sínu, að fá nógu marga íslenska lækna með því að gjöra læknisfræðisnámið við háskólann í Kaupmannahöfn aðgengilegra fyrir íslenska stúdenta. Til þess fengizt geti nógu margir Íslendingar til læknaembættanna, álitur því alþingi, að nauðsynlegt sé, að læknisfræðin sé kennd þeim á Íslandi, og þó þingið enn sé á þeirri skoðun, sem það svo opt áður hefir ítrekað, að lækna-skóli og spítali í Reykjavík séu nauðsynlegir til þess, að læknaSKIPUNIN á Íslandi komist í svo gott horf, sem framast má verða, þá heldur það eigi að síður, að fyrst um sinn, þangað til fjárhagur verði betri

1863.

28. maím.

alþingi, á líkan hátt og tíðkaðist á öldinni sem leið, þegar eins stóð á, eður að haldið verði opinbert próf að tilkvöddum próf-
dómendum, ef það þyki betur við eiga.

og stofnaður verði slíkur skóli, megi ná tilganginum með því að fela landlækni á Íslandi á hendur að veita ungum mönnum, sem eru útskrifaðir úr hinum lærða skóla í Reykjavík eður úr heimaskóla (ef útskrípt úr heimaskóla verði leyfð) þá kennslu í læknisfræðinni, sem næga megi álíta til þess, að þeir geti gegnt köllun sinni; en landlæknirinn sé þess fús að taka að sér starfa þenna.

Þarsem því hafi verið hreift, að efasamt sé, hvort þessi innlenda læknakennsla muni gagnleg og hagfelld, þá bæði skýrskotar þingið um það efni til reynslunnar, er menn hafi fyrir sér, því á síðastliðinni öld hafi nokkrum dugandis læknum verið kennt hjá þeim mönnum, sem þá voru landlæknar á Íslandi, og bendir einnig á, að menn eigi nóg-samlega hafi yfirvegað, hversu happadrjúgt það hljóti að vera, að læknaefnin, meðan þeir eru að læra, geti með eigin augum séð hina almennu og hina sérstaklegu sjúkdóma, sem eiga sér stað í landinu, t. a. m. hinar ýmislegu tegundir sullaveikinnar og holdsveikina, ásamt hinum sérstaklegu orsökum þeirra, sem bæði eiga rót sína í náttúruæðli landsins og lífnadarháttum fólksins.

Á hinn bóginn þykir alþingi kennsla sú, sem landlæknirinn átti að láta aðstoðarlæknum í tæ eptir konungsúrskurðinum frá 12. ágústm. 1848, öldungis ónóg; mundi hún að þingsins áliti eigi gefa landsmönnum neina vissu fyrir því, að slíkir menn gætu álitizt sem reglulegir læknar, eða orðið mönnum að fullu liði í hinum bráðustu lífsnaudsynjum þeirra; þingið álitur því, að kennslan verði að vera svo umfangsmikil, að hún gefi trygging fyrir því, að hin nýja læknaefni hafi yfirfarið allar hinar nauðsynlegustu greinir læknisfræðinnar og fái næga æfingu undir höndum landlæknisins í því að meðhöndla alla hina algengustu sjúkdóma á Íslandi, og að slík læknaefni, eptir afstaðið opinbert próf, fái, ef þeir álitast hæfir, full réttindi til að geta orðið héraðslæknar á Íslandi; því annars sé auðsætt, að engi stúdent frá hinum lærða skóla vilji gefa sig við slíkri kennslu, ef hann eigi hafi fulla vissu um, að hann þurfi eigi að vinna fyrir gýg og eyða beztu ungdomsárum sínum svo að segja til ónýtis fyrir sjálfan sig. Jafnhiða þessu virðist þinginu, að ákvörðunin í konungsúrskurði 12. d. ágústm. 1848 um kennslu aðstoðarlækna eigi að standa óhögguð.

Í álitsskjali konungsfulltrúa um bænaraskrá alþingis segir, að ástand það, sem nú er á Íslandi, hafi verið þinginu hvöt til að koma fram með uppástungur þess um kennslu læknaefna; því nú sem stendur sé svo mikill læknaskortur í landinu, að mörg hëruð öldungis enga læknishjálp geti fengið. Þó heldur hann, að réttast mundi að hafa eigi

1863.

28. maím.

Eptir að búíð er að skrifast á um málefni þetta við ofangreint heilbrigðisráð og við stjórn kirkju- og kennslumálanna, skal yður nú kunngjört í sambandi við bréf dómsmálastjórnar-

kennsluna svo yfirgripsmikla, sem alþingi fer fram á, og láta sér nægja með aðstodarlækna, sem mundu geta gjört mikið gagn í þeim héraðum, þarsem enga læknishjálp annars er að fá, jafnvel þótt ekki verði við því búízt, að þeir hafi mikla þekkingu í læknisfræði; mundu þeir og geta haft samilega ofanaf fyrir sér með lækningum sínum.

Hið konunglega heilbrigðisráð hefir sagt álit sitt um málefni þetta, og er það á sama máli og alþingi um, að nauðsyn beri til að gjöra einhverjar sérstaklegar ráðstafanir til þess, að fengizt geti nógu margir læknar á Íslandi, er hæfir séu til að bæta úr þörfum manna í þessu efni, en þar á móti hefir heilbrigðisráðið eigi getað fallizt á álit alþingis um, hvornig kenna ætti íslenskum læknaefnum. Heilbrigðisráðið hefir í því tilliti tekið fram, að þarsem bókin og orðið geti nægt til að mennta sýslumenn og presta eptir þörfum landsbúa, þá sé þetta með öllu ónógt til að mennta lækna. Þó sá maður, sem heldur sig hafa næga þekking til að geta kennt allar þær greinir læknisfræðinnar, sem alþingi hefir tilgreint og álitur að kenna beri á Íslandi, í raun og veru hefði kunnáttu til þessa, og aðrar embættisannir ekki hindruðu hann frá að verja tímanum til kennslunnar, þá yrði það honum ómögulegt vegna þess að það vantar, sem þarf við að hafa til þess, að menn geti fengið verklega menntun í læknisfræðinni. Heilbrigðisráðið kveðst reyndar eigi vita, hvort fá megi í Reykjavík lík, svo sem þurfi við kennslu og æfingar í líkskurðarfræði og handlæknisfræði, en það er því fullkunnugt, að þar vantar öldungis það, sem mest er áriðandi til að geta fengið verklega menntun í læknisfræðinni, en það er spítali, sem og að engin veruleg trygging er í prófi, sem kennarinn einn heldur, án þess aðrir menn, er vit hafa á, dæmi um það.

Uppástungur heilbrigðisráðsins um fyrirkomulagið á málefni þessu eru þar á móti þessar: *a.* að við hafa skuli styttri skólakennslu í Reykjavíkurskóla handa þeim piltum, sem ætla að stunda læknisfræði, en ekki ganga undir hið fullkomna læknapróf. *b.* að þeir lesi við Kaupmannahafnar háskóla í tvö ár, og gangi síðan undir yfirheyrslu (tentamen); skuli þeir að því afloknu hafa lækningaleyfi á Íslandi og geta gjört sér von um, að þeim verði veitt læknaembætti, þegar enginn kandídat sækir um þau. *c.* að þeim skuli veittir þeir 600 rdl., sem alþingi vill láta verja til læknakennslu á Íslandi, á þann hátt, að fé þessu sé skipt í ölmusur uppá 200 til 300 rdl.; svo skuli þeir og fá ferðakostnað borgaðan báðar leiðirnar. *d.* að leitast skuli við að útvega þeim regenz- og kommúnítetsölmusurnar, og *e.* að stjórnin skjóti til 600 rdl. á ári, og skuli því fé varið handa einhverjum ungum

1863.

28. maim.

innar 12. d. septemberm. f. á., yður til leiðbeiningar og til þess þær birtid það í umdæmi því, sem þær eruð yfir skipaðir, og auglýsid það sérstaklega Hjaltalín jústizráði, að fyrst um sinn

duglegum lækni í Kaupmannahöfn, sem, um leið og notuð væru þau hjálparmeðul, sem annars eru til, sérstaklega ætti að gefa sig við því að leiðbeina þeim mönnum, sem komid hafa til háskólans til að búa sig undir að verða læknar á Íslandi, og gætu þeir ef til vill þannig komizt af með minni styrk, er þeir eigi þyrftu að borga neitt fyrir leiðbeininguna, svo að þrir gætu orðid styrksins að njótandi í einu.

Að vísu gat það eigi dulizt dómsmálastjórninni, að hin vísindalega og verklega menntun í læknisfræðinni, sem fengizt gæti á Íslandi, ef farið væri eptir uppástungum alþingis, yrði í ýmsum greinum mjög svo ófullkomin, einsog heilbrigðisráðið sýndi fram á; en þarsem eins er ástatt og nú er á Íslandi, er nálega helmingur af læknisembættunum í landinu eru óveitt, fyrir þá sök að enginn sækir um þau, og ekki verður við því búizt, að þessi embætti, sem nú eru laus, að minnsta kosti fyrst um sinn verði skipuð innlendum vísindalega menntuðum læknum frá háskólanum, þá gat dómsmálastjórnin eigi betur séð, en að ástæða væri til að fara í aðalatriðunum eptir uppástungu alþingis í máli þessu, þó svo, að þetta fyrirkomulag beri aðeins að álíta sem bráðabirgðarráðstöfun, er gjörð sé vegna sérstaklegra kringumstæðna. Að vísu var læknasjóðurinn, er stofnaður var með konungsrúrkurði 12. ágústm. 1848, og nú á í innstæðu hér um bil 40,000 rdl., eiginlega ætlaður til að fjölga læknaembættum á Íslandi, en meðan ekki eru til læknar í þau embættin, sem þegar eru til, virðist mega til sanns vegar fara að verja litlum hluta af árstekjum sjóðsins, sem nú eru hërumbil 2800 rdl., til kennslu handa læknaefnum á Íslandi. En að takmarka kennsluna á þann hátt, sem konungsfulltrúi stakk upp á, og binda hana einungis við aðstoðarlækna, þótti dómsmálastjórninni ekki ráðlegt; því fyrst og fremst hefir sú raun á orðið, að nálega enginn hefir hingaðtil notað þessa kennslu í þau 14 ár, sem liðin eru síðan konungsrúrkurðurinn frá 1848 kom út, og í öðru lagi er það auðsætt, að slíkir læknar ekki gætu bætt úr þeim læknskorti, sem nú á sér stað, er þeir eigi mega við hafa lækningar upp á sitt eigið eindæmi, heldur aðeins eptir fyrirsögn héraðslæknisins, en enginn héraðslæknir er til í þeim héraðum, sem mest eru þurfandi læknishjálpar; en að veita þeim meiri rétt virtist óráð eptir þeirri menntun, sem ætlazt var til að þeir fengju. Á hinn bóginn virtist dómsmálastjórninni eigi heldur verða farið eptir uppástungum hins konunglega heilbrigðisráðs um fyrirkomulag á máli þessu. Þær uppástungurnar, sem eru til færðar við bókstafina *a*, *b* og *d*, eru að mestu leyti hinar sömu og þær, er fyrrum komu frá Schleisner doktori; varð þá eigi séð

1863.
28. maím.

má fara eptir reglum þeim, sem hann hefir stungið uppá um kennslu þá, sem hér er um rætt, og að fara má eptir hinni síðarnefndu af uppástungum hans um prófið.

Fylgiskjal.

Útdráttur úr bréfi Jóns jústizráðs Hjaltalíns, landlæknis á Íslandi, til hins konunglega heilbrigðisráðs, dags. 3. d. októberm. 1862.

Stiptamtmaðurinn yfir Íslandi hefir 30. d. septembermán. þ. á. birt mér konungskúrð 29. ágústm. síðastl., þarsem hans hátign konungurinn í öllum aðalatriðunum mildilegast hefir lagt allrahæst samþykki á uppástungur alþingis í síðustu bænarráð

ráð til að fara eptir þeim uppástungum vegna mótspyrnu þeirrar, er gjörð var móti þeim af hálfu háskólakennaranna í læknisfræði og kommúnitetsstjórnarinnar; en síðan hefir engin breyting á orðið í því efni. En hvað snertir hinar tvær uppástungurnar (stafl. c og e) þá virtist efasamt, hvort fást mundu úr rikissjóðnum 600 rdl. á ári til launa handa þeim manni, er ætti að leiðbeina íslenskum læknaefnum í læknisfræðinni, og svo væri, með því að aðhyllast þessar uppástungur heilbrigðisráðsins, farið í gagnstæða stefnu við tillögur alþingis, því það, að tekið væri fé úr læknasjóðnum, batt þingið einmitt þeim skilmála, að læknaefnunum yrði kennt á Íslandi, og eins og að ofan er á vikið virðist þingið leggja mikla þýðing í þetta atriði málsins, er það heldur, að þó kennslan kunni að verða ófullkonnari í vísindalegu tilliti, muni það vega upp á móti þessu, að hún verði innlend, það er að segja, löguð eptir þörfum landsbúa, þannig að einkum verði haft sérstaklegt tillit til þeirra sjúkdóma, sem eru einkennilegir á Íslandi, lifnadarháttu manna þar og s. frv.

Að visu virtist dómsmálastjórninni varla verða lögð eins mikil þýðing í þetta atriði einsog alþingi gjörir, en þó ber þess að gæta, að með því að hafna tillögum alþingis og fara eptir uppástungum heilbrigðisráðsins, sem setja í stadinn fyrir kennslu þá, er alþingi stingur uppá á Íslandi, aðra kennslu í Kaupmannahöfn, er einnig væri ófullkomin og yrði miklu kostnaðarsamari, tæki stjórnin uppá sig ábyrgðina af því, ef sú tilraun til að útvega landinu nægilega læknahjálp ekki heppnaðist, en á hinn bóginn hafa landsbúar enga ástæðu til umkvartana, ef farið er þegar eptir uppástungum alþingis.

skrá þess árið 1861, um að ungum stúdentum frá hinum lærða skóla á Íslandi verði veitt kennsla í læknisfræði hjá landlækni á Íslandi, og að þeim eptir afstaðið opinbert próf verði veitt lækningaleyfi, og geti þeir þá fengið héraðslæknaembætti hér á landi.

Þegar mál þetta var rætt á alþingi stakk eg uppá við þingið, að mér yrði á hendur falið að ráðgast um við hið háa heilbrigðisráð, hvernig kennslu þessari skyldi hagað, og féllst þingið á þessa uppástungu mína í einu hljóði; og þaræð eg nú sé af ádurgreindum konungsúrskurði, að dómsmálastjórninni er falið að leita álits hjá heilbrigðisráðinu um það, hversu yfirgripsmikil kennsla sú eigi að vera, sem eg á að láta hlutadeigendum í tæ, þá verð eg virðingarfyllst að mælast til, að hið háa ráð vilji heyra nokkrar athugasemdir frá mér um þetta málefni.

Einsog það er auðsætt, að kennsla í læknisfræði aldrei getur orðið eins fullkomin hér á Íslandi eins og í Danmörku, eins er það vitaskuld, að menn hér á landi verða að gjöra minni kröfur til kunnáttunnar, að minnsta kosti í sumum greinum læknisfræðinnar, en í Danmörku. Kennslan á að mínu áliti einkum að hafa fyrir sér hið verklega sjónarmið, og öðru fremur fást við þá sjúkdóma, sem algengir eru hér á landi, en um leið ber að sjá um, að lærisveinarnir smátt og smátt öðlist fasta og skýra þekking á öllum höfuðlærdómum læknisfræðinnar. Þannig álit eg, að fyrst eigi að gefa mönnum stutt yfirlit um bygging mannlegs líkama, um samsetning hans, bæði að því, er snertir samsetning líkamspartanna og efnissamsetninguna í honum (mechanisk og chemisk Sammensætning), um sköpulag og aðsetur hinna einstöku líffæra og um hinar helztu breytingar, sem á þeim verða í sjúkdómunum. Jafnhliða þessu verður og að yfirfara efnisfræðina, bæði efnisfræði líflíkamanna og efnislíkamanna (organisk og uorganisk Chemie), með sérstaklegu tilliti til þeirra efna, sem eru við höfð til lækninga; síðan skal yfirfara grasafæðina, einkum að því, er snertir lækningagrös og innlend grös, og meðan á þessari kennslu stendur eru lærisveinarnir látnir kynnast vel hinni íslenzku grasafæði.

1863.

Þegar stuttlega er búið að yfirfara þessar greinir, þá skal kenna ágrip af hinni almennu sjúkdómafræði, bæði útvortis sjúkdóma og innvortis (den almindelige chirurgiske og medicinske Pathologie). Lærisveininum skal þá kennt að binda um sár (vulnera og ulcera) og beinbrot og þegar úr liði fer, og skal þá einnig venja hann við að yfirheyra sjúklinga eptir vissum reglum. Þegar hann vitjar sjúkra skal venja hann við að spyrja þá greinilega og nákvæmlega, með sérstaklegu tilliti til orsaka sjúkdómsins í hvert skipti. Hann skal um leið fræddur um lækningar þær, sem við hafa skal við sjúkdóma, og um þær reglur, sem við eiga eptir heilbrigðisfræðinni; síðan skal láta hann iðuglega koma í lýfjabúðina, og kynna sér hin almennustu læknislyf, samansetning þeirra og áhrif, og skal þetta einnig brýnt fyrir honum, þegar vitjað er hinna sjúku.

Bækur þær, sem eg ætla mæ að nota við þessa kennslu, eru þær er nú skal greina:

1. *Bocks Haandbog i Anatomien*, útlögð af Haugsted. Kmh. 1840. Þegar hún er útskýrð skal við hafa beinagrind, í heilulíki og í limum. Enn fremur *Bocks anatomiske Atlas* og Prófessor *Wilson's: Anatomish Vademecum with engravings*.
2. Prófessor *Eschricht: Læren om Livet*.
3. *F. Wöhlers: Grundrids af den organiske og uorganiske Chemie*, útlagt af Groth; skýrt með dæmum eptir *Stöckharts chemiske Apparat* og *Griffins „chemical laboratorium“*.
4. Lífseðlisfræði grasanna (Plantefysiologie) eptir Schleiden, útlögð af J. Lange; *Erindringsord til en Forelæsning over den almindelige Plantelære*, eptir Schouw, etazráð; hin íslenska grasfræði Odds Hjaltalíns; og Herholdts *herbarium pharmaceuticum*.
5. Prófessor *Guys: Physiologie general, Pathologie og Therapie*. London 1854; sú bók tekur mörgum stærri bókum um þetta efni fram að því, hvað hún er ljós og nákvæm.
6. *Dr. Jamain: Manuel de petite chirurgie*, Paris 1860, með uppdráttum til skýringar um, hvernig koma skuli fyrir um búðum og um smáa holdskurði (mindre Operationer). Þegar lærisveinninn stuttlega er búinn að yfirfara þessar

bækur, skal venja hann iðuglega við að vitja sjúkra, og lærir hann þá að taka blóð, bólusetja, leggja á umbúðir, stinga á smákýlum, setja blóðhorn, draga út tennur og gjöra smávegis holdskurði.

Þegar þessari undirbúningskennslu er lokið, og lærisveinninn aptur og aptur hefir verið yfirheyrður og reyndur í sérhverri af lærdómsgreinum þessum, skal byrja á yfirgrípsmeiri kennslu í líkskurðarfræði (Anatomie); beinafræðin skal nú yfirfarin býsna nákvæmlega, og skal höfð fyrir sér beinagrind bæði í heilu líki og í pörtum; á þá einkum að sýna vöðvaböndin (Muskelinsertionerne) og liðamótaböndin (Ligamenterne). Þá skal og lærisveinninn látinn kynna sér líkskurðarfræðina á líki með tilliti til *organa interna*, einkum iðrafræðina, og *anatomia regionum*, og á þá einkum að leitast við að gjöra honum skiljanlegt, hvar slagæðarnar hver fyrir sig liggja, og hvernig hinir helztu taugastofnar kvíslast út um líkamann, um vöðvana, vöðvahimnurnar (Fascierne), hárkerin (Kapillarkarrene), blóðvessapípurar (det lymphatiske System), og næringartaugakerfið (det sympathiske Nervesystem). Loksins skal hann, með því að æfa sig á dýrum og líkum, látinn kynna sér skilningarvitin, og á hann þá að fá yfirlit yfir bygging heilans og upptök heilatauganna. Síðan á hann að fá yfirgrípsmeiri kennslu en áður í lífsæðlisfræðinni (Physiologie), hinni almennu sjúkdómafræði (den alm. Pathologie), og sjúkdómslækningafræði (Therapie), þá skal og koma yfirgrípsmeiri kennsla í handlæknisfræði og hinni sérstaklegu sjúkdómslækningafræði, um verkanir læknislyfjanna, um fæðing barna, bæði vísindalega og með því að sitja yfir konum, um eiturtegundirnar, og í *medicina forensis*. Jafnframt þessu á að venja hann við holdskurð á líki. Að síðustu skal honum kennd islenzk sjúkdómálýsing og almenn heilbrigðisfræði heimfærð upp á Ísland, og kennslan endar á því, að hann aptur og aptur skriflega og munnlega er yfirheyrður í hverri grein læknisfræðinnar, bæði hinnar bóklegu og verklegu, með sérstaklegu tilliti til þeirra sjúkdóma, sem optast koma fyrir hér á landi, og þar á eptir gengur lærisveinninn að síðustu undir opinbert próf.

1863.

Þær bækur, sem eg ætla að nota við kennsluna í þessum lærdómsgreinum, eru þær, er nú skal frá skýrt:

1. *Bocks Anatomie, Bocks anatomiske Atlas og Duval: Atlas général de l'anatomie descriptive topographique et de médecine opératoire avec explication sommaire etc. 1853.*
2. *J. P. Dieffenbach: Abbildungen der wichtigsten chirurgischen Operationen.*
3. *Chelius: Haandbog i Chirurgien*, og einkum: *Professor Fergusson: System of practical surgery (illustrated with engravings).* London 1852.
4. *Eschricht: Physiologie.*
5. *O. Bang: Therapie.*
6. *Otto: Pharmacodynamik og Dr. Warneke: Læren om Lægemidlernes physiologiske Virkninger og therapeutiske Anvendelse.*
7. *Pharmacopoea Danica.*
8. Kennslubækur í yfirsetukvennafræði eptir prófessor Levy og Sieboldt.
9. *Henckel: Medicina forensis*, og *Dr. Chapmanns Toxicologie, 1862.*

Þess ber að geta, að allar þessar bækur eru hér til og þar að auki margar fleiri af nýjustu enskum og frakkneskum kennslubókum; jeg leyfi mér og að bæta því við, að þaræð lærisveinar mínir eru útskrifaðir úr hinum lærða skóla með fyrstu einkunn, þá hafa þeir þegar við burtfararprófið staðizt próf í eðlisfræði (*mechanisk og chemisk Physik*) og í dýrafræði og steinafræði, því þessar lærdómsgreinir eru hér kenndar í hinum lærða skóla.

Auk þeirra bóka og tilfæra, sem að ofan er getið, er hér einnig til góður frakkneskur sjónauki til rannsókna við kennsluna í lífsedlisfræðinni og annara rannsókna, þar sem stækkunargler þarf við að hafa; einnig eru til nokkurnvegin næg tilfæri til líkskoðana (Obduktioner), líkskurða (Dissektioner) og æfinga í holdskurði — — — — —

Um þá verklegu kunnáttu, sem lærisveinar mínir geta öðlast, þá verð eg að leyfa mér að benda hinu háa heilbrigðis-

ráði á, að þeir fá eigi svo alllítinn kost á að ná slíkri kunnáttu; því auk þess, að hér í kringum Reykjavík er æði þéttbýlt, svo að þegar næstu sóknir eru meðtaldar eru hér 4—5000 manns, þá kemur á ári hverju til bæjar vors, þó lítil sè, mikill fjöldi fólks ofan úr sveitum, ekki einungis á vertíðinni og um lestirnar, heldur og allt árið. Á sumrin, þegar frakknesku læknarnir eru hér, koma hér og margir sjúklingar, er hafa langvinna sjúkdóma; leita þeir þá ráða og láta skera mein sín, og er það vitaskuld, að mér þá með aðstoð þeirra er miklu hægra en annars að framkvæma stóra holdskurði. Hjá skipverjum á frakknesku skipunum koma og fyrir ýmsir sjúkdómar, sem nokkuð má af læra, og eiga lærisveinar mínir ávallt kost á að kynna sèr þá sjúkdóma.

Hvað snertir kunnáttu í að sitja yfir konum, þá geta lærisveinar mínir fengið að vera við hjá yfirsetukonum hér, sem lært hafa ú fæðingarstiptuninni, þegar það kemur fyrir, að konum gengur tregt að fæða; svo verða þeir og iðuglega látnir æfa sig á líkneskju og tilkvaddir að vera við, þegar við skal hafa töng eða snúa barninu.

Eg hefi þannig skýrt hinu háa heilbrigðisráði frá, hvernig eg hefi í hyggju að haga kennslunni, og hverjar bækur eg ætla að hafa fyrir mér við hana, og þarf eg eigi að taka fram, að mér væri einkar kært að fá sem allrafyrst að heyra álit ráðsins um málefni þetta; en það er vitaskuld, að eg fer í þessu efni eptir álit þess. Því einu skal eg leyfa mér að bæta hér við, að eg vona, að hið háa heilbrigðisráð ekki heimti alltof mikið af lærisveinum mínum, heldur aðeins það, er virðist geta nægt til þess, að þeir allvel geti gegnt hinni erfðu köllun sinni hér á landi. — — — — —

Um það hið opinbera próf, sem hin íslenzku læknaefni ættu að ganga undir áður en þeir gætu fengið lækningarétt og hæradslæknaembætti, þá er það álit mitt, að fara ætti eptir þeirri venju, sem í því efni við gekkst hér á landi bæði á öldinni sem leið, og á þessari öld. Á öldinni sem leið yfirheyrdi Bjarni landlæknir Pálsson og síðar Jón landlæknir Sveinsson hin

1863.

Íslenzku læknaefni á alþingi í heyranda hljóði og í viðurvist ædstu yfirvalda landsins. Spurningar og svör voru þegar í stað rituð í bók, er löggilt var til þess, og er hún enn til í skjalasafni landlæknisembættisins. Síðan var aðaleinkunn ákveðin, og rituðu þeir stiptamtmaðurinn, landlæknirinn og ýmsir aðrir embættismenn, er viðstaddir voru, nöfn sín undir það, er bókað hafði verið; eptirrit af bókinni var þar á eptir sent stjórninni. Þetta held eg væri hin einfaldasta og tryggilegasta aðferðin, einkum ef yfirheyrslan væri höfð töluvert umfangsmikil, og í hverri lærdómsgrein svo yfirgripsmikil, sem unnt væri; því þá gæti varla verið neinn efi á því, hvort lærisveinninn væri hæfur eður ekki til að standast prófið. En ef heldur yrði kosið að haga prófi þessu til á þann hátt, að kvaddir væru til þess prófdómendur, þá mundu hér eigi heldur verða nein vandræði úr því; þá þyrfti eigi annað en kveðja til prófsins einn eður tvo af hinum næstu héraðslæknum, lyfsalann hér í bænum og kennarana í dýrafræði, grasfræði og edlisfræði við hinn lærða skóla.

28. maím. **37. Bréf dómsmálastjórnarinnar til konungsfulltrúa á alþingi, um borgun handa nefnd þeirri, er samdi frumvarp til tilskipunar um vinnuhjú á Íslandi.**

Útaf þegnlegri bænarskrá alþingis, er hingað kom með þegnlegu álitsskjali yðar, herra stiptamtmaður, dagsettu 28. septemberm. 1861, um að þeim þrem mönnum, er voru í nefnd þeirri, sem eptir ráðstöfun stjórnarráðsins árið 1855 var á hendur falið að semja frumvarp til nýrra hjúalaga fyrir Ísland, verði veitt 200 ríkisdala þóknun hverjum fyrir starfa þenna, skorar dómsmálastjórnin á yður að kunngjöra alþingi því, er nú fer í hönd, að vorið 1862 hafi eptir tilhlutun stjórnarráðsins nefndarmönnum þessum verið ávísað 200 rdl. hverjum.